

MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks kjörtímabilið 2014-2018.
Samningurinn er grundvallaður á stefnuskrám flokkanna fyrir
sveitarstjórnarkosningarnar 2014.

Skóla- og menntamál

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf að skerpa á ýmsum þáttum innan skólanna sem snúa að náminu en um leið tryggja að börnunum líði vel í skólanum og að hugað sé að velferð þeirra í hvívetna. Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði verður eftt, farið verður í stefnumótandi verkefni um leið og ráðist verður í framkvæmdir á ýmsum sviðum:

Stefnumótun í upplýsingatækni fyrir leik- og grunnskóla

Spjaldtölvur verða innleiddar í samvinnu við skólana og starfsfólk þeirra og munu nemendur á mið- og efsta stigi grunnskólanna fá spjaldtölvu til afnota

Skólunum verði gert kleift að vinna að sameiginlegu stefnumarkandi verkefni ár hvert

Mörkuð verði ný stefna fyrir dægradvölinu

Boðið verður upp á sveigjanleg skil milli skólastiga sem tekur mið af áhuga, getu og hæfni barna

Nýr leikskóli byggður í Þingum

Skemmtilegri skóla- og leikskólalóðir

Velferðarmál

Kópavogsbær veitir öflugna og markvissa þjónustu sem mætir þörfum íbúa bæjarins. Lögð er áhersla á mannréttindi, virðingu fyrir fjölbreytileika og að ungir sem aldnir eigi jafnan möguleika á samfélagsþátttöku. Kópavogur skal vera leiðandi í velferðarþjónustu á Íslandi og eiga samráð við notendur þjónustunnar til að ná því markmiði. Kópavogur veitir framsýna og öflugna velferðarþjónustu og leggur áherslu á að einstaklingarnir verði virkir í samfélaginu á eigin forsendum:

Frítt í sund fyrir eldri borgara frá áramótum

Aukið framboð á félagslegu húsnæði

Núverandi íbúum í félagslega íbúðakerfinu verði auðveldað að eignast íbúðirnar

Skipa skal starfshóp sem hefur það hlutverk að fara yfir stöðu húnæðismarkaðarins m.t.t. uppbyggingar eigin húsnæðis, leiguhúsnæðis og félagslegs húsnæðis

Heimaþjónustan verði eflað og endurskoðað samstarf um heimahjúkrun

Fjölbreyttari úrræði í dagþjónustu og atvinnumálum fatlaðra

Unnið að útfærslu á NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð)

Í samstarfi við ríkið verði hjúkrunarrýmum í Kópavogi fjölgað

Efling stoðþjónustu við barnafjölskyldur

Lögð verði áhersla á að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar fái stuðning til aukinnar virkni

Æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamál

Það er mikilvægt að hafa gott aðgengi allra til þátttöku og virkni. Öll börn hafi möguleika á að taka þátt í fjölbreyttum íþróttum og tómstundum. Aukin áhersla verði lögð á almenningsíþróttir og aukið samstarf milli skóla, dægradvala, félagsmiðstöðva og íþrótt- og tómstundafélaga til að mynda heilsteyp þjónustumynstur fyrir börn og ungmenni. Þátttaka í tómstundum, íþróttum og listum er þroskandi og hefur mikið forvarnargildi:

Endurskoða reglur um íþrótt- og tómstundastyrki

Bæta aðgengi yngri barna að hreyfingu í samvinnu við skóla, dægradvalir og íþróttafélög

Nýtt íþróttahús í Vatnsenda

Þjónustumiðstöð við GKG verði byggð til eflingar barna- og unglingsstarfs

Fjölga kostum í íþrótt-, leik- og tómstundaaðstöðu s.s. körfuboltavöllum, skapandi list, leiksvæðum, hjólabrettaaðstöðu og annarri virkni fyrir ungt fólk.


Skemmtilegra sund með fjölbreyttari starfsemi

Frítt í sund fyrir börn að 10 ára aldri

Sett verður lýðheilsustefna í Kópavogi

Meningarmál

Kópavogur er skemmtilegur bær sem leggur áherslu á frumkvæði íbúa, bæjarhátíðir og samvinnu ólíkra aðila. Aukið samstarf félagasamtaka, verslunar, ferðaþjónustu, menningarstofnana og annarra fyrirtækja gerir bæinn enn eftirsóknarverðari, eykur tekjur hans og kraft. Lista- og menningarstarf á að njóta sín í allri mögulegri mynd. Íbúar sjálfir, á öllum aldri, eiga að geta tekið þátt í því:



Skólahljómsveit Kópavogs fái varanlegt húsnæði

Umhverfi menningartorfunnar skipulagt á ný með nýjar og breyttar áherslur sem laða að menningartengda viðburði

Unnið verði að varðveislu gamla Kópavogsbæjarins og Hressingarhælisins

Stefna í menningarmálum verði endurskoðuð

Skipulags- og umhverfismál

Í Kópavogi taka íbúar þátt í að efla umhverfi sitt. Kópavogsbær sýnir ábyrgð gagnvart umhverfinu og eflir náttúruvernd og endurnýtingu. Lögð er áhersla á góðar almenningsamgöngur sem mæta þörfum íbúa. Kópavogsbær stuðlar að umhverfisvænum samgöngum með því að bæta aðstöðu fyrir gangandi, hlaupandi og hjólandi vegfarendur auk þess að bæta alla snyrtimennsku og frágang í bæjarfélaginu:

Aukin áhersla á flokkun sorps

Áfram unnið að fegrun bæjarins m.a. með trjágróðri (kirsuberjatré), fjölgun bekkja og viðhaldi grænna svæða

Auka útivistarmöguleika við strandlengjuna með fjölgun áningarstaða og grænna svæða

Kópavogshöfn verði yndishöfn með íbúabyggð og fjölbreyttri þjónustu

Skipulag stuðli að uppbyggingu minni íbúða og stúdentaíbúða

Þétting byggðar til að nýta betur innviði og mannvirki bæjarins

Fyrri hluti Arnarnesvegar verði tekinn í notkun og stefnt að lúkningu hans með samkomulagi við ríkisvaldið

Skoðaðar verði almenningsamgöngur í Kópavogi samhliða nýjum Arnarnesvegi og þéttingu byggðar

Áframhaldandi átak í uppbyggingu hjólastíga og aðgreining gangandi og hjólandi vegfarenda

Átak verði gert í fjölgun vegvísa í bæjarlandinu

Merkt verði útivistarsvæði fyrir hunda

Aukið umferðaröryggi með fjölgun hraðamælingaskilta

Fegrun atvinnuhverfa, bætt þjónusta og samstarf við þau



Atvinnu- og ferðamál

Það eykur lífsgæði að geta búið nálægt vinnustaðnum, skóla barnanna og allri þjónustu. Fyrirtækjum skal auðveldað að staðsetja þjónustu sína í Kópavogi, hlúð að rótgrónum fyrirtækjum og hvatt til nýsköpunar. Öflugt atvinnulíf er undirstaða bættra lífskjara:

Efla tengsl við atvinnulífið í gegnum Markaðsstofu Kópavogs til að stuðla að uppbyggingu bæjarins

Lóðaframboð undir atvinnuhúsnæði verði tryggt og atvinnusvæði markaðssett með frekari uppbyggingu í huga

Kópavogsbær setji sér markmið um eflingu ferðaþjónustu í bænum

Þjónusta, stjórnsýsla og íbúalýðræði

Þjónusta í Kópavogi snýst um að bregðast við þörfum og væntingum íbúa með markvissari og öflugri hætti en áður hefur verið gert. Sýna skal frumkvæði og metnað til að liðsinna íbúum og hlýða á þær ábendingar sem berast og bregðast við með markvissum úrræðum og lausnum. Íbúar Kópavogs eiga rétt á framsýnni og faglegrri þjónustu og stjórnsýslu til að takast á við krefjandi verkefni. Lögð er áhersla á að veita íbúum tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu:

Endurskoða skipulag hverfaráða með eflingu í huga

Ráðist verði í heildar stefnumótun fyrir allar stofnanir bæjarins þar sem sett verða fram skýr markmið og árangursmælikvarðar

Kópavogsbær opni bókhald sitt þannig að íbúum gefist kostur á að fylgjast betur með ráðstöfun fjármagns

Aukin áhersla á íbúagátt þannig að bæjarbúar geti sótt meiri þjónustu með rafrænum hætti og að hún geti nýst við íbúakosningar

Bæjarbúar komi að forgangsröðun verkefna og kosningu um framgang mála þegar við á

Lögð verður áhersla á fjölbreytt rekstrarform og nýjar leiðir í þjónustu Kópavogs til að auka lífsgæði Kópavogsbúa

Alþjóðasamstarf bæjarins verði endurskoðað með aukna áherslu á að skólar og stofnanir taki þátt í alþjóðlegum verkefnum



Fjármál

Lögð er áhersla á ábyrga fjármálastjórn þar sem leitast er eftir hagkvæmni í rekstri, lækkun skulda og að dregið verði úr álögum á íbúa. Áhersla er lögð á markmiðssetningu í rekstri og að áætlanir standist. Einnig að fjárhagsupplýsingar séu aðgengilegar í framsetningu og nýtist við stjórnun sveitarfélagsins og íbúum til aðhalds:

Minnka álögur á fjölskyldur

Ábyrg fjármálastjórnun verði viðhöfð og áhersla lögð á niðurgreiðslu skulda

Fasteignagjöld og önnur gjöld endurskoðuð með lækkun í huga

Gjaldskrá lóða verði breytt þannig að hún ýti undir byggingu minni íbúða

Kópavogur 6. júní 2014

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Bæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar

Guðmundur E. Ólafur
Margrét Friðriksdóttir
Kjartan Halldórsson
Hjálmar Þorsson
Guðmundur

Theodore Þorsteinsson
Sverrir Þorsteinsson